

SVAR VIÐ FYRIRSPURN**Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið, eignaskrifstofa**Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins kostnað vegna endurbóta á Fossvogsskóla.**

Á fundi borgarráðs þann 26. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

„Óskað er upplýsinga um samanlagðan kostnað við framkvæmdir, viðhald og endurbætur á Fossvogsskóla síðustu ár vegna vandamála tengdum raka, myglu og sambærilegu. Jafnframt er óskað upplýsinga um áætlaðan kostnað við fyrirhugaðar framkvæmdir framundan.“

Svar:

Kostnaður vegna framkvæmda, viðhalds og endurbóta á Fossvogsskóla frá árinu 2018 nema alls kr. 2.229.381.926. Miklar úrbætur vegna innivistarvandamála hófust í Fossvogsskóla árið 2018 og tekur samantekt kostnaðar við úrbætur og meiriháttar viðhald frá þeim tíma. Þessi kostnaður tekur til endurbóta, viðhalds, búnaðs, ráðgjafar og leigu. Helstu kostnaðarliðir eru sem hér segir:

Samantekt á kostnaði vegna endurbóta við Fossvogsskóla						
	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Endurbætur	12.519.591	384.500.646	72.828.653	106.497.199	1.202.428.950	1.778.775.038
Búnaður	83.360	9.368.035	321.900	6.095.996	45.461.750	61.331.041
Ráðgjöf	2.900.294	61.235.864	29.053.690	63.095.806	126.496.076	282.781.730
Leiga	0	1.365.619	1.004.522	24.395.295	79.728.681	106.494.117
Samtals	15.503.245	456.470.164	103.208.765	200.084.296	1.454.115.457	2.229.381.926

Til skoðunar er að byggja við skólann og er hönnunarvinna í gangi þar að lútandi en kostnaður liggur ekki fyrir. Gert er ráð fyrir að öðrum endurbótum skólans ljúki í ár sem og hönnun og undirbúningur viðbyggingar haldi áfram. Áætlaður kostnaður á árinu er 500 milljónir samkvæmt fjárfestingaráætlun.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýring
Eignaskrifstofa